

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 18. desember 1972, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu 15. desember 1972 (gamla gengið), en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 30. desember 1972.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir febrúarlok 1973.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skal hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsg., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar iðnaðarvörur framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skuli hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða vara þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. þessari málsg., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verkamninga við erlenda aðila, að því leyti, sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann.

Fé, sem fært er á reikninga ríkissjóðs skv. 3. og 4. málsg., skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu iðnaðarins og sjóða hans.

3. gr.

Annar málsliður 1. gr. laga nr. 20 16. apríl 1962 um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, orðist svo:

Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en $2\frac{1}{4}\%$ undir eða $2\frac{1}{4}\%$ yfir stofngengi.

4. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna (nýja gengið). Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum og innstæður Verðjöfnunar-sjóðs fiskiðnaðarins, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttarréttindi og mótvirði þeirra.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrests-ábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsg.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.